



Kennsluáætlun skólaárið 2022-2023

Bekkur: 1.-4.

Námsgrein: Samþættar námsgreinar – lotur vetrarins

Námsmat / hæfnimat: Í hverri lotu er sjálfsmat nemenda og símat/leiðsagnarmat kennara og nemenda í samstarfi ásamt verkefnavinnu nemenda í vinnubók sinni. Að auki verður stundum notast við jafningjamat, skriflega eða munnlega texta eða upptökur.

Kennsluaðferðir og skipulag: Námsfni sem hér er nefnt er grunnefni, en notast er einnig við margs konar bækur, rafrænt efni, leiki o.fl. í kennslunni. Tengt er við viðmið um lykilhæfni, íslensku og stærðfræði **í öllum lotum**, auk tenginga við ensku, náttúrufræði og aðrar námsgreinar. En hér eru skráð þau hæfniviðmið úr Skólanámskránni sem lögð verður **mest áhersla** á í hverri lotu. Einnig er rætt í hverri lotu um tengingar við einkunnarorð skólans um siðvit, bókvit og verkvit auk Heimsmarkmiða. Með fyrirvara um breytingar á áherslum, t.d. þegar aðstæður í samfélaginu eða spurningar nemenda skapa nýja tengingu sem leiðir okkur í aðra átt um sama viðfangsefnið.

Tímabil	Markmið/ Hæfniviðmið (að nemendur geti...)	Verkefni/ Viðfangsefni	Námsefni/ kennsluefni
september / október	<ul style="list-style-type: none">• bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar má efla sig betur• sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum... á íslensku og ensku• áttað sig á og lýst líðan sinni með mismunandi tilfinningum	sjálfsmyndin og mannlíkaminn	Bókin hans Breka

	<ul style="list-style-type: none"> • borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi • áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi og gegnir mörgum mismunandi hlutverkum • útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns • útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans • bent á skaðleg efni og skilið hvernig sjúkdómar og sýklar eru smitandi. • útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans • lýst áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann... • sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi og daglegu lífi • kannað, búið til og tjáð sig um reglur í mynstrum á fjölbreyttan hátt • áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd...þyngd...hitastig... • notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga • raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag 		
<p>október/ nóvember</p>	<ul style="list-style-type: none"> • beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap • búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreina í eigin texta 	<p>Hringrásir</p>	<p>Snjóengillinn</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • tekið þátt í samskiptaleikjum og samtalsæfingum á ensku • sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því • lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks • gert sér grein fyrir áhrifum náttúrulegra ferla/hringrásna á umhverfið • greint frá og tekið þátt í leiðum til að vernda náttúruna, s.s. að flokka og endurvinnna úrgang, minnka neyslu, tína rusl á víðavangi, rækta, nota náttúruleg efni og endurnýta hluti • sett í samhengi mismunandi ástand algengra efna og eiginleika þeirra • áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s.tíma og hitastig... • notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu 		
<p>nóvember/ desember</p>	<ul style="list-style-type: none"> • sýnt fram á að kunna skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu • áttað sig á gildi samhjálpar í samfélaginu • áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna • rætt um réttindi sín og skyldur í samfélaginu og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna • bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins 	<p>Börn í heiminum SOS jóladagatal</p>	<p>Barnasáttmálinn / Munaðarlausu stúlkan</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans og hann getur haft stjórn á sumum en ekki öllum • notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi, s.s. verðgildi peninga • sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi • ...endursagt efni sem horft eða hlustað hefur verið á eða lesið um • staðið fyrir máli sínu á sanngjarnan og uppbyggilegan hátt 		
Jan./feb.	<ul style="list-style-type: none"> • komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu • unnið eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að og greint frá þörf, fundið lausn, hannað afurð og komið á framfæri • gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns • tekið eftir, skoðað og rætt atriði í umhverfi sínu • Nemendur velja sér einnig einstaklingsmiðuð markmið. 	Áhugamálsloa nemenda með nýsköpunarívafi	Nemendur velja bók/texta í samráði við kennara í tengslum við áhugamál.
feb./mars	<ul style="list-style-type: none"> • lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum • borið kennsl á gildi, s.s. virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum... • lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga • nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar 	Ísland: land og þjóð / Árshátíð	Blesa og leitir að grænna grasi

	<ul style="list-style-type: none"> • áttað sig á notagildi landakorta • sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum, venjum • beitt skýrum og áheyrilegum framburði • tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hóp • hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva 		
apríl/maí	<ul style="list-style-type: none"> • gert sér grein fyrir hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða • samið texta frá eigin brjósti, s.s. sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð • varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu • hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva • rætt krafta sem koma við sögu í daglegu lífi manna • talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp einföld myndrit • ...túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi 	Bíllinn og umferðin	Bíllinn minn og ég - Skriðjöklar